
Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

49. fundur Stjórnar BS bs. haldinn þriðjudaginn 23. júní 2020

kl. 17:00 í fundarsal BS.bs. Hringbraut 125

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð

Formaður setur fundinn.

- Samningur við HSS um sjúkraflutninga í Grindavík.
 - Samkomulag er um að BS sjái tímabundið um sjúkraflutninga í Grindavík eða til 1.7.2020.
- Heimild til slökkviliðsstjóra til þess að ganga til samninga við HSS um sjúkraflutninga í Grindavík.
 - Stjórn veitir slökkviliðsstjóra formlegt leyfi til að ganga til samninga við HSS um sjúkraflutninga í Grindavík til áramóta 2020/2021
- Staða fjármála.
 - Staða fjármála er samkvæmt fjárhagsáætlun.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Á liðnum vikum höfum við verið með æfingar og þjálfun á okkar æfingarsvæði fyrir Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar, Slökkvilið Borgarbyggðar og slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins. Þessar æfingar eru liður í verklegum æfingum í námi slökkviliðsmanna á vegum Brunamálaskólans.
 - Við höfum fengið afhentan búnað í nýbyggingu BS og eru það líkamsræktartæki, þvottavélar fyrir búnað og húsgögn sem eru núna geymd í slökkvistöðinni í Sandgerði. Þar sem um umtalsverð verðmæti er um að ræða lét ég tryggja þennan búnað sérstaklega.
- Staða framkvæmda við nýja slökkvistöð. Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu framkvæmda.
- Önnur mál. Engin önnur mál